

Fyrir
Varir, hrukkur
og
andlitslínur

Restylane
NATURAL BEAUTY MADE IN SWEDEN





Náttúran skapar fegurð úr hreinu vatni

Vatn er uppspretta allrar fegurðar. Vatn gefur húð þinni ljóma og sveigjanleika, með því að móta línur vara þinna og höku.

Að mýkja hrukkur og fellingar eða gefa munni þínum fallegri og skýrari línur þarfnast engra aðkomuefna. Q-Med vörurnar móta með náttúrulegu efni sem kallast hyaluronic acid (fjölsykrusýra). Þessi fjölsykrusýra bindur vatn í húðinni, lyftir og gefur henni nýjan þéttleika.

Náttúruleg fegurðarlyfting

Sveigjanleiki og æska húðar þinnar, hæfni hennar til að standast áhrif tímans, vinda og veðra, tengist að miklu leiti fjölsykrusýru. Hún er í öllum vefjum og er mjög mikilvæg við að flytja og binda vatn.

Fjölsykrusýran er í formi hreins kristalgels og gerir það að verkum að hrukkur og fellingar mýkjast og línur verða skarpari.

Náttúruleg fegurðarlyfting. Ásýnd fegurðar breytist með tímanum, eins og andlit okkar þegar við eldumst. Við höfum öll náttúrulegar línur sem hægt er að skerpa og bæta. Vörur frá Q-Med gefa þér náttúrulega töfra sem endast í langan tíma.





Pægilegt og öruggt frá Svíþjóð

Q-Med Esthetics hefur langa sögu um ánægða viðskiptavini. Meira en 1.500.000 manns hafa verið meðhöndlaðir á árangursríkan hátt í yfir 60 löndum um allan heim.

Vörurnar eru framleiddar undir ströngum gæðakröfum. Þær koma frá þjóð sem þekkt er fyrir heilsu, náttúru og fegurð. Allar Q-Med vörurnar eru byggðar upp á sömu fjölskykrusýrunni.

Hún er ein af mjög fáum efnum sem eru eins í öllum verum og vefjategundum. Hún brotnar niður á náttúrulegan hátt. Hægt er að nota hana í margvíslegum læknisfræðilegum tilgangi. Með Q-Med vörum endurheimtir þú æsku húðarinnar aðeins með því að bæta við náttúrulegar birgðir þínar.

Fjölskykrusýran (NASHA: Non-animal, Stabilized, Hyaluronic Acid) er einstæð að því leiti að vera sú fyrsta sinnar tegundar sem ekki er unnin úr dýraríkinu,

er niðurbriótanleg, en þó stöðug og er framleidd undir ströngum gæðastöðlum einkaleyfis okkar. Niðurstaðan er þrjár valmöguleikar gels sem hægt er að nota eina sér eða saman.





Eftir ísprautun bindur gelið vatn og er til staðar í marga mánuði. Sambærilegar vörur hafa samkvæmt samanburði aðeins endst í nokkra daga eða fáar vikur í mesta lagi.

Þar sem vörurnar eru algjörlega án dýraefna, er engin hættu á að þær beri smitsjúkdóma eða vekji ofnæmisviðbrögð hjá þeim sem eru viðkvæmir fyrir algengum mat, svo sem nautakjöti, kjúklingum og eggjum.



Vefjaklæðskerahugtakið

Allir þrír valmöguleikar Q-Med vörulínunnar eru hannaðir sérstaklega með mismunandi tilgang og áhrif í huga, frá því að eyða fínum línunum til að móta hrífandi andlitslínur og mótunar fullkominna vara.

RESTYLANE til að laga hrukkur/línur og til varamótunar.

RESTYLANE Touch til að laga fínlegar yfirborðslínur, t.d. í kringum augu og munn, línur á enni og broslínur.

RESTYLANE Perlane til að móta andlitslínur, svo sem kinnar og höku, laga djúpar fellingar, og til þess að gefa fyllingu í varir.

Munurinn á þessum tegundum liggur í mismunandi stærð á mólíkúlum gelsins. Til að ná sem bestum árangri eru oft notaðar fleiri en ein tegund gels. Læknirinn þinn velur þá vöru sem hentar vefjabyggingunni á mismunandi stigum húddýptar.

Margt fólk leitar að fyllri mótun á höku. Örlítið meiri fylling getur gert stórkostlegan mun á útliti þínu. Eða kannski viltu mýkri, þokkafyllri línu á vanga þínum? Varatískan breytist með tímanum.

Með Q-Med er valið þitt.





Náttúruleg fegurð eins lengi og þú vilt

Einn af stórum kostum Q-Med vörulínunnar er sá að áhrifin endast lengi en eru ekki varanleg.

Hversu lengi áhrifin vara er mjög einstaklingsbundin. Það eru margir þættir sem hafa áhrif á það, t.d. aldur, húðtegund, lífsstíll, vöðvavirkni og tæknin við ísprautun.

Q-Med gelmólíkúlin frásogast svo hægt að þú hefur nægan tíma fyrir viðhaldsmeðferð. Þegar gelið brotnar niður, kemur vatn í staðinn. Því minni sem þéttni gelsins verður, því meira vatn getur það bundið. Þessar staðreyndir eru meginástæða þess að Q-Med meðferð endist svo lengi. Þegar gelið hefur frásogast að fullu hverfur það úr líkamanum án þess að þú finnir fyrir því.

Flestir kjósa að koma í viðhaldsmeðferð sex til tólf mánuðum eftir að upphafleg meðferð á vörum eða andlitslínunum fór fram. Eftir varameðferð þarf gjarnan viðhaldsmeðferð sex mánuðum eftir ísprautun.

Þú hefur alltaf möguleika á að halda áfram, breyta samsetningunni á meðferðinni, eða endurtaka hana eins oft og þú vilt. Þú ræður alltaf hvernig þú lítur út.

Staðreyndir um meðferðina og ýmsar vangaveltur

Meðferðin er áhrifaríkur valkostur sem endist í langan tíma. Þú breytir útliti þínu, það tekur stuttan tíma og er einfalt. Árangurinn sést strax. Engar undirbúningsrannsóknir þarf að gera og meðferðin tekur oft innan við 30 mínútur.


Fyrir hrukku- og/eða línumeðferð þarf yfirleitt ekki deyfingu, hinsvegar má óska eftir henni. Þegar varir eru meðhöndlaðar ætti oftast að nota staðdeyfingu.

Meðferðin fer þannig fram að kristalgelinu er sprautað inn í húðina í smáum skömmtum með mjög fínni nál. Gelið gefur náttúrulega áferð og sléttir út hrukurnar/línurnar. Hæfni Q-Med Esthetics efnanna til þess að samlagast aðliggjandi vefjum tryggir að nauðsynleg næringarefni s.s. súrefni og hormónar komast á milli mólíkúla gelsins. Árangurinn er heilbrigð og eðlileg húð.

Eftir meðferðina kunna að koma fram algeng óþægindi tengd ísprautun, svo sem þroti, roði, verkur, kláði, flekkir og eymsli yfir stungustað. Þessi óþægindi hverfa innan eins til tveggja daga eftir að sprautað er í húðina og innan við viku eftir að sprautað er í varir.

Önnur óþægindi eru afar sjaldgæf, 1 af hverjum 2000 meðhöndluðum hefur fengið staðbundin óþægindi sem talin eru tengjast ónæmissvörun. Þessar aukaverkanir eru bólga á svæðinu sem sprautað var í, stundum einnig á svæðum í kring, roði, stundum mar. Þessar aukaverkanir hafa annaðhvort komið fram nokkrum dögum eftir ísprautun eða tveim til fjórum vikum síðar og hefur venjulega verið lýst sem mildum til meðalmiklum einkennum sem standa að meðaltali í 2 vikur.

Nánari upplýsingar varðandi meðferðina veita lýtalæknar og húðlæknar.



- Engar húðrannsóknir
- Árangurinn sést strax
- Löng ending
- Án dýraefna

Fyrir og eftir myndir



Nef/munnlinur og varir fyrir



Nef/munnlinur og varir eftir



Munnvikslínur fyrir



Munnvikslínur eftir



Varir fyrir



Varir eftir



Hrukkur/línur milli augna fyrir



Hrukkur/línur milli augna eftir



Q-Med er sænskt líftæknifyrirtæki sem þróar, framleiðir og markaðssetur læknisfræðilegar ígræðslur. Allar vörur byggjast á skrásettri tækni fyrirtækisins með einkaleyfi til framleiðslu á NASHA – Non-Animal Stabilized Hyaluronic Acid (óhvarfgjörn hýalúronsýra framleidd án dýraafurða).

Skipulag Q-Med er þannig að fyrirtækið skiptist í tvær viðskiptadeildir: Esthetics, sem sér um fegrunarvörur, og Hospital Healthcare, sem nær yfir þvag- og kvensjúkdómafræði, bæklunar- og frumulækningar, og hjúpunaraðgerðir.



RESTYLANE, RESTYLANE Touch og PERLANE eru skráð vörumerki í eigu Q-Med AB.

Q-MED

Q-Med AB

Seminariegatan 21, SE-752 28 Uppsala, Svíþjóð
Sími: +46(0)18-474 90 00, Fax: +46(0)18-474 90 01
<http://www.q-med.com>